

REGLUGERÐ**um sölu varnarliðseigna.****1. gr.**

Starfrækja skal verslun á vegum ríkisins með nafninu SALA VARNARLIÐS-EIGNA.

2. gr.

Sala varnarliðseigna skal rekin sem sjálfstætt fyrirtæki með sérgreindum fjárhag og reikningshald.

Fyrirtækið heyrir undir utanríkisráðuneytið.

Heimili þess og varnarþing er í Reykjavík.

3. gr.

Utanríkisráðherra skipar framkvæmdastjóra Sölu varnarliðseigna.

Framkvæmdastjóri hefur á hendi allan daglegan rekstur fyrirtækisins. Hann ræður fast starfsfólk þess að fengnu samþykki utanríkisráðuneytisins.

Framkvæmdastjóri skal afla samþykkis utanríkisráðuneytisins til allra meiri háttar ráðstafana, svo sem kaup og sölu fasteigna og veðsetningu þeirra. Að öðrum kosti skulu slíkar ráðstafanir ekki vera gildar.

Utanríkisráðuneytið skal setja framkvæmdastjóra erindisbréf, þar sem starfskyldur hans eru nánar greindar.

4. gr.

Framkvæmdastjóri og fastir starfsmenn Sölu varnarliðseigna skulu taka laun samkvæmt kjarasamningum opinberra starfsmanna.

5. gr.

Hlutverk Sölu varnarliðseigna er þetta helst:

1. Að annast yfirtöku og kaup á umfram- og afgangsvörum frá varnarliðinu á Keflavíkurflugvelli eftir því sem nánar er ákveðið í samningi varnarliðsins og utanríkisráðuneytisins frá 1962.
2. Að annast kaup á bifreiðum, rafmagnstækjum og öðrum búnaði, sem einstakir starfsmenn varnarliðsins óska að selja en hafa flutt hingað til lands án greiðslu aðflutningsgjalda og söluskatts samkvæmt heimild í lögum 110/1951.
3. Að annast kaup á vélum og bifreiðum, tækjum og búnaði, sem íslenskir verk-takar vegna framkvæmda á vegum varnarliðsins hafa flutt til landsins án greiðslu aðflutningsgjalda og söluskatts og óska nú að selja.
4. Að yfirtaka þær byggingar og mannvirki á varnarsvæðunum, sem yfirstjórn varnarliðsins óskar að verði fjarlægðar eða telur sig eigi hafa þörf fyrir lengur og ráðstafa þeim.

Sala varnarliðseigna hefur einkarétt til viðskipta þeirra, sem getur í 1.—4. tl. hér að framan og eru öllum öðrum þau viðskipti óheimil.

6. gr.

Sala varnarliðseigna skal annast sölu þessa varnings og verðmæta, sem hún aflar og kaupir samkvæmt 5. grein. Er fyrirtækinu í því skyni heimilt að starfrækja smásöluverslun í Reykjavík.

Heimilt er fyrirtækinu að óska tilboða í vörur og vöruflokka og skal það jafnan gert um bifreiðar og vinnuvélar.

Áskorun um tilboðsgerð skal auglýst í fjölmiðlum með hæfilegum fyrirvara.

7. gr.

Ríkisendurskoðun skal sjá um endurskoðun reikninga Sölu varnarliðseigna.

8. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt lögum nr. 110/1951 og öðlast þegar gildi.

Utanríkisráðuneytið, 12. febrúar 1981.

Ólafur Jóhannesson.

Hörður Helgason.

S A M Þ Y K K T

um sorphreinsun í Hvammstangahreppi.

1. gr.

Hvammstangahreppur sér um sorphreinsun frá öllum fasteignum á skipulögðu svæði kaupsins. Fer hún fram undir yfirstjórn sveitarstjórnar og heilbrigðisnefndar kaupsins.

2. gr.

Sérhver húseigandi (eða leigjandi) í Hvammstangahreppi er skyldugur að nota þær aðferðir og tæki við sorpgæmslu og hreinsun, sem sveitarstjórn og heilbrigðisnefnd ákveður.

3. gr.

Húseigendur bera allan kostnað af uppsetningu og viðhaldi sorphlátá.

4. gr.

Sorpið sem sett er í sorphlát, má vera allt venjulegt heimilissorp. Sorp, sem ekki má setja í poka er m. a.: Mold, mól, grjót, mykja, byggingarsorp, hey og stærri trjágreinar.

5. gr.

Ekki má setja meira sorp í pokana en svo, að auðveldlega megi loka þeim þegar skipt er um poka. Fyllsta hreinlætis skal gætt umhverfis sorphlokana.

6. gr.

Pakka skal innbeittum og oddhvössum hlutum t. d. glerbrotum, áður en þeir eru settir í sorphlokana.

7. gr.

Bannað er að setja eldfima vökva t. d. olíu og bensín í sorphlát, hvort sem er laust eða í umbúðum. Bannað er að urða olíuleyfar og önnur efni í hreppslandinu og einnig er bannað að kasta slíkum efnum, sem og öllu öðru sorpi, í hvaða mynd sem er, í sjóinn. Á sorphaugunum skal vera aðstaða til brænnslu slíkra hluta.

8. gr.

Sorphlát skulu að jafnaði losuð vikulega og ekki sjaldnar en 40 sinnum á ári. Ekki má losa sorphlát á helgidögum eða eftir kl. 23 á virkum dögum. Aukahreinsun skal fara fram sé ástæða til t. d. um stórhátíðir.